

Hafnarfjarðarhöfn.
B.t. Más Sveinsbjörnsnnonar
Óseyrarbraut 4
220 Hafnarfjörður

06.40 PS/ Garðabær 28.9.2012

Varðar hávaða frá starfsemi á hafnarsvæði.


Þann 18. september s.l. hafði fulltrúi Hafnarfjarðarhafnar samband við heilbrigðiseftirlitið til að upplýsa að þangað hafi borist kvörtun undan starfsemi sem fram færi í Hafnarfjarðarhöfn. Kvartað væri undan hávaða sem bærst yfir á Norðurbakkann. Kvartandi byggdi í blokk á Norðurbakkanum og tengdi hann hávaðann niðurrifi á skipi sem fram fer á hafnarsvæðinu. Fram kom að kvartandi sagði vandann bundinn við hefðbundinn dagvinnutíma en sem væri hans svefntími vegna eðli sinnar vinnu.

Fyrirtækið Fura ehf. er með tímabundið starfsleyfi heilbrigðisnefndar til niðurrifs á einu skipi í aðstöðu sem hefur verið útbúin á fyllingunni í Hafnarfjarðarhöfn. Meðfylgjandi er afrit af starfsleyfi nefndarinnar. Fram hefur komið að til athugunar er að útbúa varanlegri aðstöðu til niðurrifs skipa. Ef af verður er ætlanin að nota reynslu af þessu verki við mótun á varanlegri starfsaðstöðu og val á verklagi.

Fulltrúar heilbrigðiseftirlits hafa farið all oft á staðinn og fylgst með framvindu verksins. Framkvæmd hefur tekist vel. Mat fulltrúa hefur verið að hávaði í kringum niðurrifið hafi ekki verið mikill og síst meiri en ýmiss annar hávaði af hafnarsvæðinu og frá almennri hafnarstarfsemi. Ábendingin frá 18. september kom því nokkuð á óvart. Farið hefur verið í fjórar eftirlitsferðir síðan kvörtunin barst og þá sérstaklega með í huga að leggja mat á hávaða frá starfseminni. Mælingar á hávaða er aðeins mögulegar við tiltekin veðurskilyrði.

Í fyrstu tveimur ferðunum drukknaði hávaði frá niðurrifinu algjörlega í hávaða sem barst frá flutningaskipinu Leah frá Hollandi. Skipið hefur legið í höfn um nokkurt skeið, að sögn vegna vélabilunar. Samhliða vélaviðgerð hefur verið unnið sleitulítið að degi til við að rústberja lestarhlera skipsins. Hefur sú iðja farið fram í lestum skipsins. Hávaði frá þeirri starfsemi hefur verið all nokkur en að öðru leiti virðist sem mengunarvarnir hafi verið viðunandi, þ.e. ekki var séð að úrgangur hafi verið losaður í höfnina. Þann 27.9 framkvæmdi heilbrigðisfulltrúi skipaskoðun og var þá m.a. farið yfir úrgangsmál og staðfest rétt förgun á úrgangi tengdri þeirri iðju.

Um kl. 11 þann 26. september var á ný farið á vettvang. Reynt var að leggja mat á hávaðann frá Norðurbakkanum. Ekki var verið að vinna í Lenu en hljóð bárust yfir á Norðurbakkann sem tengja mátti niðurrifinu. Ákveðið var að sækja hljóðmæli til að meta hvort hávaði væri yfir mörkum reglugerðar. Þegar mælingar gátu hafist var vinna enn hafin í Lenu og heyrðust aðeins hljóð tengd þeirri starfsemi. Nokkrar mælingar voru gerðar og mældist hávaðinn á bilinu 50 til 52 dB_A (hljóðstyrkur er mældur í s.n. desibelum) og mældist hávaði vel yfir heimiluðum nætur og kvöld hávaða en var á mörkum leyfðs hávaða að degi til frá atvinnu-starfsemi sem berst að íbúðarhúsnæði. Ekki var vitað hvernig vinna við niðurrif var háttáð þegar mæling fór fram. Um kl. 13.30 þann 28. sept. átti enn að reyna mælingu en bæði reyndust veðurskilyrði óhagstæð til mælinga og síðan kom í ljós að ekki verið að vinna við niðurrif.




Samantekt.

Of mikil nálægð milli íbúðabyggðar og atvinnustarfsemi getur kallað á árekstra. Íbúðabyggð á Norðurbakkanum í Hafnarfirði er skammt frá athafnsvæði Hafnarfjarðarhafnar. Starfsemi í höfnum getur fylgt hávaði. Kvartanir hafa borist heilbrigðiseftirliti en þá aðallega vegna keyrslu á aflvélum skipa. Mælingar á hávaða vegna vinnu í skipinu Lenu var við eða rétt ofan ákvæði reglugerðar um hávaða við næsta íbúðarhús á Norðurbakka. Ljóst er að hafnar-yfirvöld verða að takmarka eins og kostur er að hávaðasöm starfsemi fari fram á þeim svæðum hafnarinnar sem liggja næst Norðurbakkanum.

Heilbrigðiseftirlitið getur ekki staðfest að hávaði frá niðurrifi á skipi, sem fram hefur farið á hafnarsvæðinu, hafi verið yfir mörkum þegar hann barst upp á Norðurbakkann. Aðferðum sem beitt er við niðurrifið er ætlað að lágmarka hávaða og það hefur verið mat að vel hafi tekist til. Eftir að ábendingar um annað bærust voru skilyrði til mælinga ýmist ekki fyrir hendi eða hávaðinn hefur drukknað í öðrum hávaða. Það er ekki hægt að útiloka að hávaði hafi í einhverjum tilvikum í niðurrifsferlinu farið yfir mörk reglugerðar.

Aðstæður í Hafnarfirði eru með þeim hætti að helsta athafnsvæði Hafnarfjarðarhafnar er í mikilli nánd við næstu íbúabyggð, vestustu blokkirnar á Norðurbakka. Höfnin verður að taka mið af þeirri staðreynd við ákvörðun á notkun lands, hvaða starfsemi hún heimilar og þá ekki síður hvernig hávaðavörnum verður fyrirkomið við áformaða starfsemi.

f.h. heilbrigðiseftirlits



Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi